

Háskóli Íslands Jarðvísindastofnun - Askja  
Sturlugötu 7  
101Reykjavík

Reykjavík, 29. júlí 2021  
UST202107-280/S.S.  
09.05.01

### **Efni: Umsókn um leyfi til rannsókna - Surtsey**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Háskóla Íslands, dagsett 27. júlí 2021, um leyfi til rannsókna í Surtsey.

Surtsey er friðlýst sem friðland sbr. auglýsing nr. 50/2006. Óheimilt er að fara í land í Surtsey nema með skriflegu leyfi Umhverfisstofnunar. Heimilt er að veita leyfi til ferða út í Surtsey til rannsókna og verkefna sem tengjast þeim, eða til kvikmyndatöku og/eða ljósmyndunar vegna gerðar fræðsluefnis með sérstaka skírskotun til Surtseyjar eða rannsókna þar.

#### **Lýsing verkefnis:**

Rannsóknarleiðangur sem er liður í langtímarannsókn á örverum í Surtsey. Ferðin er hluti af rannsóknaráætlun Surtseyjarfélagsins 2021, í henni verður lokið við þær mælingar sem hafnar voru í júliferð jarðfræðinga í eyjuna. Gerðar verða mælingar í borholum SE-02A, B og SE-03. Tekin verða upp sýni í borholu SE-02b og nýjum komið fyrir. Mæling með tækjum ÍSOR á halla skáholunnar, SE-03. Þessar mælingar eru liður í langtímaverkefnum sem unnin eru í framhaldi af SUSTAIN verkefninu. Farið verður eina dagsferð sem er vegna aðstæðna veðurhád, farið verður 4., 5. eða 6. ágúst, dagur verður valinn eftir veðri.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki til þess fallið að rýra verndargildi friðlandsins. Jákvætt er að vakta eyjuna og miðla fræðslu og nýrri þekkingu úr rannsóknaleiðöngrum frá Surtsey. Mikilvægt er að ekki sé hróflað við náttúruminum við rannsókn og að öllum skilyrðum sem koma fram hér að neðan sé fylgt í hvívetna.

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Háskóla Íslands fyrir sitt leyti leyfi fyrir rannsóknum í Surtsey sbr. lýsingu hér að ofan 4.-6. ágúst 2021 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Leyfið gildir eingöngu fyrir eftirtalda aðila:
  - **Tobias Weisenberger**, jarðfræðingur.
  - **Bjarni Steinar Gunnarsson**, verkfræðingur.
  - **Steffen Jorgensen**, sérfræðingur.
  - **Hannah Babel**, MS-nemi.
- Fararleyfið er bundið við einn dag á tímabilinu 4.-6. ágúst 2021. Um er að ræða dagsferð á sama tíma og hópur á vegum ítalska ríkisútvarpið RAI2 er á eyjunni.
- Takmarka skal þann tíma sem dvalið er á svæðinu eins og kostur er.

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir gönguleið skal þess gætt að valda sem minnstu riski og fjarlægja öll ummerki um athafnir að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Leiðangursmenn skulu gæta þess að hreinsa allan fatnað og farangur áður en lagt er af stað til að tryggja að engar lífverur, plöntuhlutar og jarðvegur berist til Surtseyjar til að tryggja að landnám/þróun lífs eigi sér stað án tilstuðlan mannsins. Er það á ábyrgð leiðangursstjóra að tryggja að allir leiðangursmenn viti af þessu og sjái til þess að það sé gert.
- Ef í ljós kemur að hreinsun fatnaðar og/eða búnaðar er ábótavant getur eftirlitsmaður farið fram á að búnaður sé skilinn eftir, frestað för þar til úrbætur hafa farið fram eða farið fram á að fararleyfi viðkomandi sé afturkallað.
- Gæta verður þess að ganga vel um viðkvæma náttúru Surtseyjar þar sem bannað er að trufla dýralíf, raska jarðminjum og skerða gróður.
- Gæta verður þess að allur farangur verði tekin til baka sem og allur sá úrgangur sem til fellur á meðan dvalið er í Surtsey.
- Ekkert drykkjarvatn er í eyjunni og verða leiðangursmenn að flytja það með sér. Þá er þar engin salernisaðstaða.
- Á meðan dvalið er í eyjunni ber leiðangursmönnum að hlíta fyrirmælum starfsmanns friðlandsins,
- Sýnataka er eingöngu fyrir ofangreint verkefni og óheimilt er að afhenda þriðja aðila sýnin í gróðaskyni.
- Rannsóknaraðilar og farartæki skulu vera merktir sínum stofnunum og/eða klæðast merktum sýnileikafatnaði.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd, getur Umhverfisstofnun sbr. 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Leyfi Náttúrufræðistofnunar Íslands þarf ef flytja á sýni úr landi.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá afrit af niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar án endurgjalds.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leiðbeiningar um hreinsun fatnaðar og búnaðar er að finna í fylgiskjali með bréfi þessu.

Ákvörðunin er kæránleg til umhverfis og auðlindaráðuneytisins skv. 26. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, sbr. 2. mgr. 91. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs.

***Leyfisgjald:***

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um rannsóknir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

***Eftirlit:***

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Sigríður Skaftadóttir  
lögfræðingur

René Biasone  
sérfræðingur